

5. gr.

Styrkupp hæðin skiptist í krónutölu á legudag milli flokka þannig:

I. flokkur A	kr. 66.50
I. flokkur B	— 60.00
II. flokkur A	— 47.00
II. flokkur B	— 40.00
III. flokkur A	— 33.00
III. flokkur B	— 27.00

6. gr.

Fjöldi legudaga í hverju sjúkrahúsi árið 1968 reiknast samkvæmt skýrslu sjúkrahússins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt sjúkrahúslögum nr. 54 10. júlí 1964 öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. júní 1969.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt fyrir Vatnsveitufélag Þykkvabæjar nr. 63 29. marz 1965.

1. gr.

Við 8. gr. samþykktarinnar bætast tvær málsgreinar svo hljóðandi:

Sé ekki staðið í skilum með greiðslu vegna reksturskostnaðar (vatnsskatts), má loka fyrir vatnið, þar til greitt hefur verið.

Framantaldar greiðslur (A og B) má taka lögtaki, ásamt áföllnum innheimtu-kostnaði, ef ekki er staðið í skilum, og eru þær tryggðar með lögveði í fasteignum gjaldanda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samnings-veði og aðfararveði.

Samþykktarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Þykkvabæjar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júní 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.